

Reykjavík, 4.júlí. 2024

**Vesturhöfn, br. á deiliskipulagi Eyjaslóð og Hólmaslóð, fyrirspurn – USK2404033**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júní 2024 var lögð fram fyrirspurn Hans Orra Kristjánssonar, dags. 30. apríl 2024, um breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfiriseyjar) vegna lóðarinnar nr. 1 við Eyjaslóð og nr. 2 við Hólmaslóð sem felst í að flytja byggingarheimildir á milli lóðanna, samkvæmt tillögu Sen & Son, dags. 30. apríl 2024. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.

**Skipulag í gildi**

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Örfirisey – Hafnir. Í gildi er deiliskipulagið Vesturhöfn samþykkt í borgarráði dags 03.11.2015 með síðari breytingum.

**Umsögn**

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að breyta deiliskipulagi og flytja heimildir á milli lóðanna Eyjaslóðar 1 og Hólmaslóðar 2 samanber fyrirspurn.

Vakin er athygli á að það samræmist ekki aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 að hafa íbúðir á svæðinu, gert er ráð hafnsækinni starfsemi og starfsemi sem almennt fellur undir skilgreininguna athafnarsvæði.

**Niðurstaða**

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að breyta deiliskipulagi samanber umsögn hér að ofan. Deiliskipulagið verður grenndarkynnt berist það.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri

